

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 8. október 2002.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Al, álvinnslu ehf., kt. 590398-2099 fyrir framleiðslu á fljótandi áli og gjallsandi í ofni Als ehf. á iðnaðarsvæðinu á Grund-artanga við Hvalfjörð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. október 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 7. október 2002.

Sigurbjörg Gísladóttir,
staðgengill forstjóra.

Gunnar Steinn Jónsson,
staðgengill forstöðumanns.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 351/1994, um undirbúning
og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í stað orðsins „ríkistollstjóri“ kemur „tollstjórinn í Reykjavík“.
- b. Í stað orðanna „embætti ríkistollstjóra“ kemur „embætti tollstjórans í Reykjavík“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 118. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 10. október 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Lilja Sturludóttir.